

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Flóahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir hvert skilti sem eigandi hunds fær við skráningu hans skal vera 1.500 kr. og greiðist við skráningu.

2. gr.

Kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Flóahreppi svo sem útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds. Föngunargjald, varsla og auglýsingargjald er 25.000 kr.

Að auki leggst á sólarhringsgjald, 2.000 kr. ef kemur til handsömunar og geymslu hunds. Ef hundur er handsamaður oftari en þrisvar sinnum á einu ári, þá á hundaeigandi eða umráðamaður hunds yfir höfði sér leyfissviptingu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 2. desember 2009 samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Flóahreppi.

Flóahreppi, 10. febrúar 2011.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. febrúar 2011